

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	4.4.2016
Málsnr:	513060858
Bréfali:	512

Hafnarfirði 31. mars 2016

Byggingar- og skipulagsráð Hafnarfjarðar

Deiliskipulag Skarðshlíð

Ég undirritaður þinglýstur eigandi lóðarinnar Bergskarð 5, sem er skilgreint sem fjöleignarhús F7 á reit þrjú, mótmæli þeirri fækkun á fjölda íbúða á þegar greiddri lóð og með þinglýstum lóðarleigusamningi. Jafnframt mótmæli ég þeim breytingum að lóðin verði að hluta sameign með öðrum fjöleignarhúsalóðum. Að lóð skuli vera minnkuð, vísað í grein 7 í lóðarleigusamningnum og byggingarmagn skert frá áður útgefnum þinglýstum lóðarleigusamningi. Jafnframt mótmæli ég þessum kröfum um stífa skilmála sem gerðir eru núna s.s. aukin lofthæð (3,3m) sem mun auka rekstarkostnað íbúða, timburklæðning að utan, sem getur ekki annað en verið dýr í viðhaldi og ómögulegt að brunaverja, læstri klæðningu á þökum og einnig kvöð um að séreignir í gördum séu að hámarki 6m², mun sú séreign vera skilgreind sem matjurtargarður? Verður enginn einkalóð með neðstu hæðinni, er ekki heimilt að hafa palla við neðstu hæðina eða sérgarð fyrir framan glugga íbúðar eins og hefur komið vel út í Vallahverfinu?

Mun sú sama kvöð eiga við um stærðir á svölum og sérgörðum 6m²?

Svalir og inngangar, ég hef sent inn fyrirspurnarteikningar og var svarað á þann veg að fyrirspurn væri hafnað vegna opins stigahúss sem ætti að vera lokað því það fæli í sér betri lífsgæði fyrir íbúana að sögn Inga Tómassonar núverandi

formanns byggingar- og skipulagsráðs Hafnarfjarðar. Skrítið að svalir eigi að vera að fullu inndregnar þar sem það stytir tíma sólar á þeim. Garðveggi skuli steypa með borðaáferð á mörkum einkalóðar hússins og sameignarlóðar reitsins og aðrar lausnir ekki í boði. Sérmerkt bílastæði úti á lóð eru tímaskekkja. Hvar eiga stæði fyrir rafmagnsbíla að vera? Verða þau á gestastæðunum eða kannski í sérstæði íbúðar þar sem eigendur eiga ekki rafmagnsbíl? Í þessu fjögurra hæða húsi er hæð frá lágsta punkti að hæsta punkti 14,8m sem gerir að meðaltali 3,7m lofthæð sambærilegt og fimm hæða hús við Eskivelli. Tekið er fram að óheimilt sé að minnka lofthæð og minnka hámarkshæð hússins sem myndi þó lækka byggingarkostnað. Kafli 4.2. Er hugsunin hjá ykkur að hafa sameiginlegt þvottahús í ókynntu rými eins og má skilja af skipulagsdrögunum?

Kafli 5.2 þakform skal vera einhalla og halli 8° þakrennur skulu vera innan byggingarforms ef húsið er fínússað, þá verður ógerningur að þetta þær þannig að ekki leki inn í íbúðir.

Það er fáránlegt að láta sér detta í hug að hafa sjoppu í grunnskóla.

Þratarverk ehf



Þratur Valdmarsson